

Sp. 809. Tillaga til þingsályktunar

um símamál.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Sveinbjörn Högnason, Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að fela póst- og símamálastjórninni að rannsaka möguleika á því að útvega efni til símalagninga og talstöðva, er nægi til þess að koma öllum sveitaheimilum landsins í talsamband á næstu árum. Jafnframt séu gerðar áætlanir um kostnað við þessar framkvæmdir.

Rannsóknnum þessum verði hraðað, svo sem unnt er, og niðurstöður þeirra lagðar fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Það mun láta nærri, að 25 af hverjum 100 sveitabýlum landsins hafi nú síma-afnot. Enn er því þörf mikilla framkvæmda í símauálum til þess að koma þeim í viðunandi horf, en þá fyrst má telja, að svo sé, þegar öll sveitaheimili hafa síma eða talstöðvar.

Hér er lagt til, að póst- og símamálastjórninni verði falið að athuga möguleika til útvegunar efnis í símalínur og talstöðvar, er nægi til að ljúka þessum framkvæmdum á skömmum tíma, og gera áætlun um kostnað við framkvæmdirnar. Athuganir þessar og áætlanir verði miðaðar við það, að sími verði lagður á alla sveitabæi, e. t. v. að undanskildum einstökum býlum, sem eru svo afskekkt, að sérstaklega erfitt er að leggja þangað símalínur, en í þess stað verði þá settar upp talstöðvar á þessum afskekktu stöðum.